

Mat á áhrifum efnistöku vegna lagningar
Holtavörðuheiðarlínu 1 á lífríki í vatni.
Ný efnistökusvæði vegna Hallarmúlaleiðar

Minnisblað

Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson
Hafrannsóknastofnun

Desember 2023

Inngangur

Landsnet fyrirhugar að reisa nýja 90 km langa 220 kV háspennulínu, Holtavörðuheidiarlínu 1 (HH1), á milli Klafastaða í Hvalfirði og fyrirhugaðs tengivirkis á Holtavörðuheidi. Gert er ráð fyrir að efnispörf vegna vegslóða, vinnuplana og grundunar mastra verði rúmlega 600.000 m³. Möguleg áhrif efnistöku vegna framkvæmdarinnar á vatnalíf voru metin 2022 (Guðni Guðbergsson o.fl. 2022).

Matsáætlun Landsnets vegna lagningar Holtavörðuheidiarlínu 1 var send Skipulagsstofnun þann 2. maí 2022, en í áætluninni lagði Landsnet fram tíu valkosti til umhverfismats. Valkostirnir fylgja í meginatriðum núverandi byggðalínu úr Hvalfjarðarsveit norður á Holtavörðuheidi.

Á kynningartíma matsáætlunar var velt upp þeim möguleika að fara með línuna fjær ræktuðu landi í Bæjarsveit og til norðurs um Stafholtstungur og Grjótháls. Í framhaldinu hefur verið settur fram nýr valkostur fyrir legu Holtavörðuheidiarlínu 1, svokölluð Hallarmúlaleið (BC1). Valkosturinn mun liggja frá tengivirki við Vatnshamra meðfram núverandi byggðalínu að Hvítárvöllum þar sem línun sveigir til norðausturs yfir Hvítá og þaðan um Stafholtstungur til austurs að Hamraendum. Þar sveigir línun til norðurs í átt að Hallarmúla. Línun liggur síðan meðfram Hallarmúla og þaðan upp á Grjótháls. Náttúrulegar hindranir s.s. Hvítá og Þverá eru á milli Hallarmúlaleiðar og fyrri valkosta og því nauðsynlegt að skoða önnur efnistökusvæði vel m.t.t. þess.

Landsnets hefur því ákveðið að taka inn nýjan valkost, svokallaða Hallarmúlaleið, sem ekki var kynntur í matsáætlun. Í tengslum við það bætast við nokkur efnistökusvæði.

Aðferðir

Farið var yfir fyrirbyggjandi upplýsingar sem lágu fyrir í minnisblaði frá Eflu verkfræðistofu (2509-569-71-MIN-003-V01), en þar var fjórum efnistökusvæðum (tafla 1) bætt við þau 43 efnistökusvæði sem þegar voru til skoðunar vegna Holtavörðuheidiarlínu 1. Upplýsingar Eflu byggja á lauslegum skoðunum á viðkomandi efnistökusvæðum, en ekki voru teknar könnunargryfjur eða ítarlegar rannsóknir.

Tafla 1. Ný möguleg efnistökusvæði vegna Hallarmúlaleiðar (BC1). Heimild: Minnisblað Eflu 2509-569-71-MIN-003-V01

Nr.	Heiti	Náma nr.	Austur (ÍSN93)	Norður (ÍSN93)	Efnisgerð	Sveitarfélag	Aðalskipulag	Athugasemdir
63	Hjarðarholtsmelar	18866	380285,3	469704,6	Set (leysingarurð)	Borgarbyggð	E41	Ekki skoðað
64	Stafholtsmelar	17114	373370,6	463097,9	Set (leysingarurð)	Borgarbyggð	E72	
65	Svarfhóll	18875	373099,4	462811,0	Set (leysingarurð)	Borgarbyggð	-	Ekki skoðað
66	Pokatjarnarhæðir	-	386050,3	478856,5	Klöpp	Borgarbyggð	-	Ekki skoðað

Fyrirbyggjandi eru upplýsingar um staðsetningu efnistökusvæða, flatarmál þeirra og áætlað efnismagn, auk mynda af viðkomandi svæðum. Námunúmer í minnisblaði Eflu eru óbreyttar. Þar sem um matsvinnu án vettvangsrannsókna var að ræða er byggt á mati þeirra sem að verkinu komu skv. þeirri bestu þekkingu

sem fyrir liggur. Á Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) liggur fyrir umtalsverð staðþekking á þeim vatnakerfum sem um ræðir og eru skýrslur með niðurstöðum rannsókna aðgengilegar á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar (hafogvatn.is). Hér er eingöngu fjallað um þau efnistökusvæði þar sem efnistaka er við vatnsföll og getur haft áhrif á vatnsformfræði þeirra og lífríki.

Við greiningu og mat á áhrifum var beitt sömu matsþáttum og notast var við í fyrra mati á efnistökusvæðum vegna Holtavörðulínu 1 (Guðni Guðbergsson o.fl. 2022) og lagðar hafa verið til af Landsneti. Taka ber fram að um gróft mat er að ræða sem mögulegt er að komi til með að breytast í kjölfar niðurstaðna af vettvangsrannsóknum.

Samkvæmt 33. gr. laga númer 61 frá 2006 um lax- og silungsveiði, segir að „ Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstaður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu“.

Efnistökusvæði og umsagnir

Af þeim fjórum efnistökusvæðum sem hér er bætt við til umfjöllunar vegna Hallarmúlaleiðar, er eitt sem er nærri straumvatni. Það er á svæði nr. 63 á Hjarðarholtsmelum. Önnur svæði, þ.e. 64 – Stafholtsmelar, 65 – Svarfhóll og 66 – Pokatjarnarhæðir eru fjær straumvatni og verður ekki fjallað um þau hér.

63 – Hjarðarholtsmelar

Um er að ræða 4,7 ha svæði á vestari árbakka Þverár. Efnistökusvæðið er á aðalskipulagi, en efnisvinnsla virðist ekki hafa verið þar í nokkurn tíma. Mikil óvissa um efnismagn og efnisgæði, en vinnslulag talið geta verið 1-2 m og mögulegt efnismagn a.m.k. 10-20.000 m³.

Þverá í Borgarfirði er meðal verðmætustu laxveiðiaá landsins og því miklir veiðihagsmunir í húfi. Í lýsingu á efnistökusvæðinu virðist efnistakan vera áætluð alveg við ána, en talað er um árbakka Þverár, auk þess sem svæðið er afmarkað á loftmynd. Má því ætla að fyrirhugað efnistökusvæði gæti náð yfir sjálfan bakka árinna niður að vatnsborði. Ekki liggur fyrir hversu djúpt efnistakan geti verið miðað við yfirborð árinna og hvort hætta sé á að áin geti brotið sér leið inn í námuna í flóðum.

Hafrannsóknastofnun telur að betra væri að efnistakan færi fram fjær Þverá. Að öðrum kosti að efnistakan verði ekki úr bakkanum alveg við ána, heldur t.d. 50-100 m frá ánni eftir staðháttum og árbakkanum sé þannig hlíft. Einnig að aðkomuvegur að námunni sé í svipaðri fjarlægð frá ánni. Mikilvægt er að þess sé gætt að dýpt efnistöku og frágangur svæðisins sé þannig að ekki sé hætta á að áin geti brotið sér leið inn í námuna í flóðum. Hafa verður í huga að með aukinni umferð og notkun vinnuvéla nærri ánni er aukin áhætta á að skaðleg efni geti borist í ferskvatn og skaðað lífríki þess, ef mengunarslys verða.

Mat á áhrifum efnistökkunnar (sbr. mat á efnistökusvæðum í greinargerð Guðna Guðbergssonar o.fl. 2022):

Einkenni áhrifa: Geta haft áhrif á farveg

Varanleiki áhrifa: Lítil

Fisktegundir: Lax, urriði, bleikja og hornsíli

Lífríki: Fjölbreytt

Verndargildi lífríkis: Mikið

Veldur náma neikvæðum áhrifum: Nei/Já

Mótvægi: Lágmarka möguleg áhrif með því að efnistaka nái ekki að farvegi og ekki niður fyrir vatnsborð.

Gildi fyrir vatnalíf: Mikið.

Áhrif framkvæmdar á vatnalíf: Lítið.

Heimildir

Guðni Guðbergsson, Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson. 2022. Mat á áhrifum efnistöku vegna lagningar Holtavörðuheiðarlínu 1 á lífríki í vatni. Greinargerð unnin fyrir Verkís verkfræðistofu. Apríl 2022.

Verkfræðistofan Efla. 2023. Holtavörðuheiðarlína 1 – verkhönnun. Skjalalykill: 2509-569-71-MIN-003-V01. Dagsett 28.11.2023.